

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðrífður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir
Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Gunnlaugur Valtýsson mætti ekki.

1. **Bréf frá starfshóp um enskan springer spaniel**
Tillögur að nýjum ræktunarkröfum fyrir enskan springer spaniel samþykktar.
2. **Bréf frá félagsmanni**
3. **Bréf frá starfshópi í hundafimi**
Samþykkt að íþróttadeild haldi opið hundafimimót föstudaginn 17 apríl 2009. Fyrirhugað er að á mótinu verði boðið upp á tvær brautir í öllum hæðarflokkum bæði í Agility og Jumpers. Búið er að staðfesta dómara og húsnæði.
4. **Skýrsla fulltrúa HRFÍ – próf 500901 7. febrúar 2009**
5. **Bréf frá íþróttadeild – ósk um námskeið 28.-30. ágúst n.k.**
Samþykkt. Stjórn vildi gjarnan að fleiri leiðbeinendur og dómarar útskrifist eftir námskeiðið. Frábært framtak hjá deildinni.
6. **Ályktun félagsfundar retrieverdeildar**
*„Ályktun félagsfundar Retrieverdeildar HRFÍ
Almennur félagsfundur Retrieverdeildar HRFÍ, haldinn í Sólheimakoti þann 25. febrúar 2009, átelur harðlega þau vinnubrögð stjórnar HRFÍ að leita ekki álits þeirra deilda sem hafa vinnueiginleika sem hluta ræktunarmarkmiða sinna áður en tekinn var upp titillinn íslenskur sýningameistari - ISSCH. Fundurinn telur að með þessum nýja titli sé ræktunarmarkmiðum deildarinnar stefnt í hættu og krefst þess að hann standi ekki retriever hundum til boða.“*

Í fundargerð frá ofangreindum almennum félagsfundi kemur fram að þrír stjórnarmenn hafi mætt á fundinn ásamt þrettán öðrum félagsmönnum. Í dag, 12. mars, eru skráðir 245 virkir félagsmenn (hafa greitt félagsgjald 2009) í retrieverdeild. Því verður það að teljast óeðlilegt að 16 félagsmenn innan ræktunardeildarinnar geti krafist þess að titillinn ISSCH standi ekki retrieverhundum til boða. Kemur jafnframt fram í fundargerð frá þessum fundi að fundarmenn hafi velt fyrir sér afstöðu annarra félagsmanna deildarinnar og telji að meirihluti golden retriever eigenda væru jákvæðir fyrir þessum titli.
Af ofangreindu er ljóst að félagsfundurinn endurspeglar ekki skoðun allra félagsmanna innan retrieverdeildarinnar varðandi titilinn ISSCH og því verður þessari niðurstöðu ekki breytt.
7. **Fundur DÍF/HRFÍ/Guðrún R. Guðjohnsen, Kenneth Edh og Hans-Áke Sperne**
Fundur haldinn á skrifstofu HRFÍ dagana 23. og 24. febrúar kl.13:30 -17:00 vegna vinnu við skýringar með ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins. Farið var yfir ræktunarmarkmiðið og gerðar tillögur að breytingum. Nú verður farið á fullt að fara í skýringarnar og að allt verði klárað í ágúst á afmælissýningunni.
8. **Alþjóðleg sýning HRFÍ 28. febrúar – 1. mars 2009.**
Þátttökumet var slegið á hundsýningu HRFÍ í reiðhöllinni í Víðidal dagana 28. febrúar og 1. mars 2009. Alls voru skráðir 813 hundar til keppni af 91 hundategund. Á föstudeginum 27. febrúar kepptu 38 ungir sýnendur um titilinn besti ungi sýnandinn. Þau eru á á aldrinum 10-13 og 14-17 ára. Dómarar að þessu sinni komu víða að en í þetta skipti tilkynntu 2 dómarar veikindi í vikunni fyrir sýningu þ.e. írski dómarinn Michael Forte og sænski dómarinn Dan Ericsson frá Svíþjóð. Í þeirra stað kom dómarinn Seamus Oates frá Írlandi, Siv Jarnhake frá Svíþjóð og Torunn Sørbye frá Noregi. Siv dæmdi chihuahua, síðh. & snöggh., og

tegundahóp 3 en Torunn dæmði Labrador retriever. Aðrir dómarar voru Frank Kane frá Englandi, Laurent Pichard frá Sviss og Hans Van Den Berg frá Hollandi. Steinar Balken frá Noregi dæmði unga sýnendur. Hundarnir sem sýndir voru á sýningunni voru allt frá 4 mánaða aldri en elsti hundur sýningarinnar var 17 ára silky terrier tík, Silfurskugga- Jasmine Amber í eigu Laufeyjar Sigurðardóttur og mun hún vera elsti hundur sem sýndur hefur verið á hundasýningu á Íslandi.

Sýningin var auglýst á föstudegi á baksíðu Fréttablaðsins og á útvarpsstöðinni Bylgjunni föstudag, laugardag og sunnudag. Auk þess fengum við ágetiskynningu á Bylgjunni í þættinum „Í bítíð“ á föstudeginum. Mynd af ungum sýnanda birtist á forsíðu Fréttablaðsins á laugardeginum. Eins og alltaf voru dómarar ánægðir með alla umgjörð sýningar og starfsfólkið, sem fékk mikið lof. Þökkðu þeir allir fyrir góðar móttökur og óskuðu þess allir að þeir yrðu boðnir aftur til að dæma fyrir okkur.

9. Bréf frá félagsmanni vegna skráningar á slysgoti

Bréf frá lögmanni hdl. F.h. félagsmanns vegna ættbókarskráningar gots.

10. Umsókn frá félagsmanni um dómaraánám fyrir fuglahundapróf Stjórn HRFÍ samþykkir tillögu dómaraáðs um dómaraánám viðkomandi aðila.

11. Íþróttadeild – kostnaðaráætlun á hundafimitækjum

A-2232

Anna Birna Björnsdóttir, Arnheiður Runólfsdóttir, Guðrún Katrín Jóhannsdóttir, Hallgerður Kata Óðinsdóttir mættu á stjórnarfund 14. janúar sl. og mættu m.a. með myndir af ástandi tækja. Stjórn bað um kostnaðaráætlun um viðgerðir og kaup á nýjum tækjum. Eftir það yrði athugað hvort Pedigree hefði áhuga á að kosta viðgerðir og kaup á nýjum tækjum eða annar aðili kæmi að því.

Jóna ætlar að tala við Gunnar og athuga hvort Pedigree vill styrkja þetta áfram eða hvort að annar sponsor tekur við þessu og þá verður málinu vísað til þeirra aftur.

12. Fundargerð frá NKU/VD fundi 7. janúar sl.

Frestað til næsta fundar

13. Bréf frá félagsmanni sem óskar eftir að stjórn HRFÍ verði milligöngumaður við að aflétta ræktunarbanni á hundi sínum.

Samþykkt að senda bréf til ræktandans og óska eftir svari fyrir marslok.

14. Svar frá Vísindanefnd vegna augnskoðunar á st. bernharðshundum

Stjórn biður stjórn pmfdeildinar að endurskoða ræktunarkröfur hundanna sem búið var að samþykkja áður miðað við niðurstöður vísindaráðs.

15. Bréf frá ræktunarstjórn ensk cockerspanieldeildar

Samkvæmt FCI er krafist vinnuþrófa fyrir enskan cocker spaniel og því getur stjórn Hundaræktarfélag Íslands ekki breytt kröfum varðandi alþjóðlegan meistaratítul nema að sækja um undanþágu sem ekki verður gert fyrir eina tegund. Stjórn HRFÍ hvetur stjórn ensk cocker spanieldeildar til að kynna sér þjálfun og framkvæmd þrófa fyrir tegundina.

16. Aðalfundir ræktunardeilda

- Bréf frá vorstehdeild vegna aðalfundar
- Aðalfundur papillondeildar 3. mars
- Aðalfundur PMF deildar 9. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ
- Aðalfundur chihuahuedeildar 10. mars kl. 20 á skrifstofu HRFÍ
- Aðalfundur cavalierdeildar 17. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ – Margrét fer f.h.stjórnar
- Aðalfundur retrieverdeildar 18. mars kl.20 í Sólheimakoti – Friðrik fer f.h. stjórnar
- Aðalfundur fjár- og hjarðhundadeildar 19. mars kl.19:30 á skrifstofu HRFÍ- Margrét
- Aðalfundur schäferdeildar 24. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Friðrik fer f.h. stjórnar
- Aðalfundur spitzhundadeildar 28. mars kl.18 á skrifstofu HRFÍ

- Aðalfundur smáhundadeildar 30. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Björn
- Aðalfundur írsk setterdeildar 31. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Jóna&Vala
- Aðalfundur spanieldeildar 7. apríl kl. Vala&Jóna&Friðrik

17. Kæra frá félagsmanni – var einnig sent til síðanefndar

18. Bréf frá félagsmanni til upplýsinga vegna óafsakanlegrar framkomu félagsmanns á netinu og póstsamskiptum.

19. Erindi frá tengilið fyrir siberian husky vegna skráningar í gagnagrunn á vefsíðu deildarinnar. Stjórn sammála um að ekki megi birta heimilisföng og símanúmer en annað er í lagi.

20. Fundargerð frá fagráðsfundi VÍS Agría þann 24. febrúar sl.

Stjórn HRFÍ mun styðja við verkefnið ef farið verður í það.

21. Nýr samningur við VÍS/Agría dýravernd

A-2240/A-2240a

Að samningurinn verði samþykktur eins og stjórn HRFÍ var búin að samþykkja á stjórnarfundi 11. febrúar sl. fyrir utan kostnaðartölurnar, og inn í hann komi endurskoðunarákvæði þar sem fram kemur að kostnaðarliðir sammingsins verði skoðaðir m.t.t. næstu tveggja ára. Sú vinna verði gerð fyrir 31.júlí n.k.

22. Fundargerð frá NKU/AU 7. janúar 2009

Guðríður Valgeirsdóttir ætlar að lesa fundargerðina yfir og upplýsa stjórnarmenn um innihaldið á næsta fundi.

23. Önnur mál

- **Samræming mistaratitla á ensku og útskýringar á titlum.**

Setja á áberandi stað á vefsíðu og prenta á ættbækur. Láta HA finna alla titla og útskýra, setja á vefsíðuna og prenta á ættbækurnar.

- **Fyrirlesari í haust – Astrid Indebrø dýralæknir/ Jan Fennel hundþjálfari**
- **Breyting á kröfu varðandi val á ræktunarnafni-** samþykkt að taka út grein 3 og 4 og að þýða Article 9 hjá FCI og setja inn í kaflann okkar. VJ + HA fara fljótlega í þessa vinnu.

- **Ritnefnd Sáms**

Í tölvupósti frá ritstjóra kom eftirfarandi fram:

Ritnefnd er þannig skipuð í dag:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri auja83@gmail.com

Anja Björg Kristinsdóttir anja@shihtzuhundar.com

Sigurlaug Hauksdóttir silla@vma.is / silla@grisara.is

Þorsteinn Thorsteinsson sunnusteinn@simnet.is

- **Fyrirlestur Frank Kane 2. mars um líkamsbyggingu og hreyfingu**

Tæplega 100 manns sóttu fyrirlesturinn, sem haldinn var á 5. hæð í húsakynnum VÍS. Bauð VÍS uppá kaffi og smákökur í hléi.

- **Dómararéttindi**

- **Crufts**

Fulltrúi Íslands í keppni ungra sýnenda var Þorbjörg Ásta Leifsdóttir. 36 keppendur frá jafnmörgum löndum tóku þátt. Fór keppnin fram á sunnudagsmorgni. Tilkynnt var um úrslit seinna um daginn í BIS hringnum. Okkar fulltrúi stóð sig mjög vel og gerði allt hnökralaust og náði inn í 10 manna úrslitin en ekki í sæti.

- **Fulltrúaráðsfundur áætlaður 29. apríl n.k.**

Stýrihópur í skapgerðarmati hefur óskað eftir að senda fulltrúa á næsta fulltrúaráðsfund til að ræða skapgerðarmatið.

- **Aðalfundur áætlaður um miðjan 13. maí n.k.**

24. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 25. mars kl.16:00.